

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál 3 2015/2016

Kærandi: Björn Ingi Hrafnsson fyrir hönd Vefpressunnar og DV.


Kærði: Vefmiðillinn Hringbraut og ritstjóri og ábyrgðarmaður hans, Sigmundur Ernir Rúnarsson.



Kæruefni: Umfjöllun um fjármögnun DV og annarra fjölmiðla sem Björn Ingi Hrafnsson rekur.

Mál þetta var kært til siðanefndar BÍ með tölvupósti dagsettum 28.12.2015. Siðanefnd getur ekki séð af kærinni eins og hún er framsett að uppfyllt sé það ákvæði siðareglna BÍ að sá sem telur á sér brotið leiti leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Á grundvelli þess vísar siðanefnd málinu frá.

Úrskurður: Málinu er vísað frá.

Reykjavík 05.01.2016


Björn Vignir Sigurpálsson

 
Hjörtur Gíslason Friðrik Guðmundsson

 
Ásgeir P. Árnason Jóhannes Tómasson